

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Pentasa 1 g endaðarmsstílar mesalazín

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Pentasa endaðarmsstíla og við hverju þeir eru notaðir
2. Áður en byrjað er að nota Pentasa endaðarmsstíla
3. Hvernig nota á Pentasa endaðarmsstíla
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Pentasa endaðarmsstíla
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Pentasa endaðarmsstíla og við hverju þeir eru notaðir

Pentasa endaðarmsstílar eru notaðir við langvarandi bólgu með blæðingum í endaðarmi.

2. Áður en byrjað er að nota Pentasa endaðarmsstíla

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Pentasa endaðarmsstíla:

- ef um er að ræða **ofnæmi** fyrir **mesalazíni** eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)
- ef þú ert með ofnæmi fyrir öðrum salisýlötum t.d. acetylsalisýlsýru
- ef þú ert með alvarlegan lifrar- eða nýrnasjúkdóm

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað:

- ef þú ert með ofnæmi fyrir súlfasalazíni (hætta á ofnæmi fyrir salisýlötum)
- ef þú ert með eða hefur verið með lifrar- eða nýrnasjúkdóm
- ef þú ert með sjúkdóm sem veldur því að þér blæðir auðveldlega
- ef þú ert með eða hefur verið með virkt magasár (í maga eða þörmum)
- ef þú notar lyf sem geta haft áhrif á nýrnastarfsemi t.d. ákveðin lyf við gigt eða verkjum (bólgueyðandi gigtarlyf sem ekki eru sterar (NSAID) t.d. acetylsalisýlsýra)
- ef þú ert með lungnasjúkdóm, sérstaklega ef þú ert með astma
- ef þú færð skyndilega krampa, kviðverki, hita, mikinn höfuðverk og útbrot. Í þeim tilvikum á strax að hætta notkun Pentasa.
- Nýrnasteinar geta myndast þegar mesalazín er notað. Einkennin geta verið verkur í síðu og blóð í þvagi. Gætið þess að drekka nægilega mikinn vökva meðan á meðferð með mesalazíni stendur.
- Ef þú hefur einhvern tímann fengið alvarleg húðútbrot eða húðflögnun, blöðrumyndun og/eða særindi í munni eftir að hafa notað mesalazín.

Alvarleg húðviðbrögð, þar á meðal Stevens-Johnson-heilkenni og húðþekjudrepslos, hafa verið tilkynnt í tengslum við meðferð með mesalazíni. Hættu að nota mesalazín og leitaðu tafarlaust

læknishjálpar ef þú verður var/vör við einhver af þeim einkennum sem tengjast þessum alvarlegu húðviðbrögðum sem lýst er í kafla 4.

Venjulega lætur læknirinn taka blóð- og þvagpróf til að fylgjast með nýrnastarfsemi meðan á meðferð með lyfinu stendur. Sérstaklega í upphafi meðferðar.

Notkun annarra lyfja samhliða Pentasa endaparmsstílum

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Þetta á einnig við um lyf sem fengin eru án lyfseðils.

Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú notar eitthvert eftirfarandi lyfja:

- ef þú færð meðferð með azatíopríni (notað eftir ígræðslu eða við ónæmissjúkdómum)
- ef þú ert í meðferð með 6-mercaptopúríni eða tíóguaníni (lyfjameðferð við blóðkrabbameini (hvítblæði))
- ef þú notar lyf sem hindra storknun blóðsins (lyf við blóðtappa, blóðþynnandi lyf).

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Reynsla af notkun mesalazíns á meðgöngu eða við brjóstgjöf er takmörkuð. Skráð hafa verið tilfelli um blóðsjúkdóma hjá nýburum ef móðirin hefur tekið þetta lyf.

Nýburi getur hugsanlega fengið ofnæmiseinkenni t.d. niðurgang, eftir brjóstgjöf þegar lyfið hefur verið notað. Ef nýburinn fær niðurgang á að hætta brjóstgjöf.

Akstur og notkun véla

Pentasa hefur hvorki áhrif á hæfni til aksturs né notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Pentasa endaparmsstíla

Skammtar

Fullorðnir:

Einn endaparmsstíll (1 g) 1-2 sinnum á dag.

Börn:

Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins og verkun hjá börnum. Talið við lækninn.

Pentasa endaparmsstíla má nota ásamt Pentasa forðatöflum eða Pentasa Sachet, forðakyrni, þegar sjúkdómurinn er dreifðari í þörmum og ef sjúklingur svarar meðferð með töflum eða forðakyrni illa.

Notkunarleiðbeiningar:

1. Ferð á salerni er ráðlögð áður en endaparmsstíll er notaður.
2. Setjið fingurhlíf á fingur
3. Þrýstið endaparmsstíl eins langt upp í endaparminn og hægt er.
4. Ef erfitt er að þrýsta endaparmsstílum inn má bleyta hann með vatni eða rakakremi.
5. Renni endaparmsstíllinn út innan 10 mínútna skal stinga nýjum stíl í endaparminn.
6. Fleygið fingurhlífinni.

Notaðu lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Notkunin er einstaklingsbundin.

Aðeins má breyta skömmtum eða hætta meðferð í samráði við lækninn.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um.

Takmörkuð reynsla er af ofskömmtun. Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að nota Pentasa endaparmsstíl

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka. Takið næsta skammt samkvæmt leiðbeiningum.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Í mjög sjaldgæfum tilvikum hefur verið greint frá alvarlegum ofnæmisviðbrögðum (m.a. alvarlegt niðurbrot á húð sem getur haft áhrif á verndandi þátt húðarinnar). Ofnæmisviðbrögð geta valdið þrota í húð og hálsi og/eða öndunar- eða kyngingarerfiðleikum (ofnæmisbjúgur). Ef þetta gerist á að hafa tafarlaust samband við lækinn eða bráðamóttöku.

Hættu að nota mesalazín og leitaðu tafarlaust læknishjálpar ef þú verður var/vör við einhver af eftirfarandi einkennum:

- Rauðleitir, ekki upphleyptir, skotskífulaga eða hringlaga flekkir á búknum, oft með blöðrumyndun í miðjunni, húðflögnun, sárur í munni, hálsi, nefi, kynfærum og augum. Hiti og flensulík einkenni geta verið undanfari þessara alvarlegu húðútbrot

Algengar aukaverkanir geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum:

- niðurgangur
- Kviðverkur
- Ógleði
- Uppköst
- Höfuðverkur
- Útbrot
- Vindgangur
- Óþægindi í endaparmi og erting á íkomustað, kláði, hægðapörf

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum:

- Bólga í ákveðnum hluta hjartans (hjartavöðvabólga og gollurhúsbólga) sem getur valdið mæði og brjóstverk eða auknum hjartslætti (hraður eða óreglulegur hjartsláttur)
- Brisbólga (einkennin eru m.a. bak- og/eða kviðverkir)
- Hækkaður amýlasi (ensím sem á þátt í meltingu kolvetna)
- Svimi
- Aukið næmi húðar fyrir sólarljósi og útfjólubláum geislum (ljósnæmi).

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum:

- Blóðskortur og aðrir blóðsjúkdómar (fækkun ákveðinna blóðkorna sem getur valdið blæðingum án tilefnis, marblettum, hita og særindum í hálsi)
- Lifrarsjúkdómur (einkennin eru gula (gul húð og/eða augnhvíta) og/eða skert þarmastarfsemi)
- Nýrnasjúkdómur (einkennin eru blóð í þvagi og/eða bjúgur (þroti vegna vökvasöfnunar))
- Úttaugakvilli (sjúkdómur sem hefur áhrif á taugar, sjúklingurinn finnur fyrir titringi og dofa í höndum og fótum)
- Ofnæmisviðbrögð og trefjamyndun í lungum, bólga eða örvefur í lungum (einkennin eru m.a. hósti, berkjukrampi, óþægindi fyrir brjósti eða verkir við öndun, öndunarerfiðleikar, blóðugur uppgangur eða aukin slímmyndun)

- Alristolbólga (gerð af bólgukvilla í þörmum (IBD-sjúkdómur), sem hefur áhrif á allt innra lag digurgirnis/ristils)
- Hárlos (tímabundið)
- Verkir í liðum og vöðvum
- Bólga sem getur haft áhrif annars staðar í líkamanum t.d. á liði, húð, nýru, hjarta (einkennin eru m.a. verkir í liðum, þreyta, hiti, óeðlilegar blæðingar eða að tilefnislausu (t.d. blóðnasir), smáblæðingar í húð, marblettir (m.a. alvarlegt fleiður sem getur haft áhrif á verndandi þátt húðarinnar)
- Vökvasöfnun í kringum hjarta (gollurhúsvökvi) sem getur valdið verkjum í brjósti eða þrýstingi
- Breyting á lit þvags
- Fækkun sæðisfrumna í sæðisvökva svo kölluð sæðisfrumnaekla (þessi aukaverkun er tímabundin)
- Alvarlegur niðurgangur og kviðverkir vegna ofnæmisviðbragða í þörmum vegna lyfsins
- Ofnæmisviðbrögð og hiti getur komið fram af og til.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum)

- nýrnasteinar og meðfylgjandi verkir í nýra (sjá einnig kafla 2)

Í mjög sjaldgæfum tilvikum hefur verið greint frá hækkuðum þrýstingi á heila (vökvasöfnun í kringum heilann) hjá ungu fólki á kynþroskaskeiði. Einkennin eru m.a. höfuðverkur, ógleði, uppköst og/eða sjón- eða heyrnartruflanir.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Pentasa endaparmsstíla

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP eða fyrnist. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Skilið lyfjaleifum í næsta apótek.

Ef óskað er frekari upplýsinga um Pentasa, vinsamlegast hafið þá samband við umboðsmann.

Pentasa endaparmsstílar 1 g innihalda:

Virka efnið er mesalazín.

Önnur innihaldsefni eru póvídón, macrogól 6000, magnesíumsterat og talkúm.

Pakkingastærð

28 endaparmsstílar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi:

Ferring Lægemidler A/S, Kay Fiskers Plads 11, 2300 København S, Danmörku.

Framleiðandi:

Ferring GmbH, Wittland 11, 24109 Kiel, Þýskalandi.

Umboð á Íslandi:

Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2021.